

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 10. ágúst 1991.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 61

9. september 1991

AUGLÝSING**frá forsætisráðuneytinu.**

Í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra hefur Friðrik Sophussyni fjármálaráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 9. september 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 62

11. september 1991

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 11. september 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 63

16. september 1991

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 16. september 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.